

Íbúafundur vegna hugmynda um sameiningu sveitarfélaga.

Rangárþing ytra, 20. október 2020 klukkan 20:00 – 22:00

Inngangur

Eftirfarandi er samantekt sjónarmiða og ábendinga sem fram komu á íbúafundi í Rangárþingi ytra 20. október 2020. Í samantektinni er lögð áhersla á að öll helstu sjónarmið sem fram komu á fundinum séu kynnt en sjónarmið fá ekki vægi á grundvelli fjölda þeirra sem töluðu fyrir þeim. Við úrvinnslu þeirra umræðupunkta sem fram komu hefur sjónarmiðum og ábendingum sem komu ítrekað fram á fundunum verið slegið saman og orðalag þeirra samræmt. Slík úrvinnsla felur alltaf í sér einföldun og túlkun þess sem það gerir. Teikningar frá íbúafundinum eru aðgengilegar á svsudurland.is og gefa góða innsýn í umræðurnar.

Skjalinu er skipt þannig að fyrst eru tekin saman svör allra hópa um spurninguna um áframhaldandi viðræður og þar á eftir er samantekt þeirra sjónarmiða sem komu fram í hverjum umræðuhópi.

Eiga sveitarfélögin fimm að halda áfram viðræðum og leyfa íbúum að kjósa um sameiningu þeirra?

- Það ætti að leyfa íbúum að kjósa um sameiningu. Íbúar eiga að fá að ráða um framhaldið.
- Flestir á því að halda viðræðum áfram til að kynnast verkefninu betur.
- Sterkari og stærrí saman, sérstaklega gagnvar ríkisvaldinu.
- Hagsmunirnir felast í að skapa stóra heild.
- Efasemdir: Hver er hagurinn af þessu ef allt gengur vel alls staðar?
- Styrkur að geta sameinað stjórnarsýsluna á öllu svæðinu.
- Hætta getur verið á ferðum ef munurinn er mjög lítill, það þarf að vera afgerandi meirihluti til að ekki verði ósætti með verkefnið.
- Möguleika velt upp að skoða einnig sameiningu í vesturátt.
- Miklar fjarlægðir gætu verið hindrun.
- Stundum erfitt að ná samstöðu um ákveðin verkefni.

Umræðuhópur: Menning, frístundir og lýðheilsa

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Að passa upp á hvernig haldið er utan um íþrótt-, tólmstunda- og menningarmálin.
- Passa upp á jafnt aðgengi. Enginn má líða fyrir að vera í jaðarbyggð.
- Þjónustan er staðbundin og þarf að halda í gangi virku starfi á öllum svæðum.
- Á heildina litið þá er meira sem sameinar okkur á þessu svæði en ekki.
- Vera ekki með of mikla miðstýringu, leifa hverju og einu félagi að blómstra á sínum forsendum.
- Styrkur felst í fjölgun þátttakenda í einstaka hópum en fjarlægðin mun valda vandræðum.

Hvað viljum við varðveita?

- Verkefnin eru ekki lögbundin en þau eru mikilvæg og mega ekki gleymast.
- Halda sérstöðu og menningu hvers svæðis.
- Viðhalda og varðveita sagnahefð og sögutengingum sem til staðar eru.
- Merkir menningarlegir staðir innan svæðisins í sögulegu tilliti jafnt sem í nútímanum s.s. Landgræðslan Gunnarsholti.
- Viðhalda svæðisbundnum menningarviðburðum, s.s. menningarhátíðum og þorablótum, skötumessu, töðugjöldum og kartöfluballi. Þannig er hægt að halda drifkrafti í gangi á hverju svæði.
- Vinna markvisst með HSU að gæta vel að lýðheilsu.

- Varðveita þjónustuna á hverjum stað, sérstaklega með tilliti til fjarlægða milli svæða.
- Efla framboð og þátttöku í frístundastarfi, s.s. sameiginlegar göngur og önnur afar skemmtileg útivistarsvæði.
- Hafa í huga að þessi 5 sveitarfélög falla undir tvö íþróttahéruð.
- Gæta að sameiginlegum menningarverðmætum. Svæðið er ríkt af menningarminjum sem verður að gera hátt undir höfði, á öllu svæðinu.

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Suðurland og Hella þekkt fyrir hestamennsku. Nýta þann meðbyr til að auka og efla hestamennsku bæði á sviði íþróttta, tómsunda og lýðheilsu.
- Tækifæri til að stækka íþróttafélög og nýta betur tíma, mannvirki og þjálfara.
- Íþróttafélögin hafa gamlar rætur, kannski sprottin frá einangrun svæðanna. Mikilvægt að unga fólkíð upplifi sig sem hluti af stærri heild.
- Passa uppá kirkjurnar okkar, kórastarf og kvenfélögin.
- Nýta þekkingu og samvinnu sem verið hefur til staðar og efla.
- Aukin sérhæfing innan málaflokksins innan stjórnsýslunnar, t.d. með ráðningu menningar-, íþróttta- og tómsundafulltrúa.
- Tækifæri í samhæfingu til eflingar tómsunda-, íþróttta- og menningarstarfs.
- Tækifæri felast í að efla samhug innan svæðis og að allir eigi sinn stað í stóru samfélagi.
- Efla akstursþjónustu með svipuðu sniði og gert er í Rangárþingi eystra á öllum svæðum.
- Vera með opin hug og læra hvert af öðru.
- Nýta tæknina til að stytta vegalengdir og nýta betur tímann.

Umræðuhópur um eignir, veitur og fjárfestingar

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Ósanngjarna forgangs röðun í fjárfestingum eftir staðsetningu
- Að vanmeta kostnað við skrásetningu veitukerfa og endurnýjun.

Hvað viljum við varðveita?

- Þarf að skrásetja upplýsingar um veitukerfi og koma þeim í gagnagrunn.

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Möguleiki á meiri sérhæfingu í störfum og sérhæfð þekking.
- Stærðarhagkvæmni í innkaupum.
- Möguleg samnýting á búnaði og tækjum.
- Gerðar verði viðhaldsáætlanir og unnið eftir þeim.
- Hagkvæmari innkaup í krafti stærðar.
- Auðveldara að ráða við stærri fjárfestingar.
- Aukinn slagkraftur í stærra sveitarfélagi.

Umræðuhópur um fræðslu og félagsþjónustu

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Einsleitni og miðstýringu
- Fara skynsamlega með peninga og láta íbúa njóta betri reksturs sveitarfélags en ekki safna digrum sjóðum.
- Að loka eða fækka skólastofnunum.

Hvað viljum við varðveita?

- Sérstöðu hvernar skólastofnunar menning og hefðir.
- Tryggja starfsemi jaðarbyggða.
- Að alls staðar verði stjórnandi í hverri skólastofnun.
- Sérstöðu byggðakjarnanna.

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Tækifæri í samnýtingu sérfræðikunnáttu starfsmanna á milli skóla.
- Auknir möguleikar í samstarfi og samræmingu í skólastarfi.
- Meira aðlaðandi starfsvettvangur fyrir sérfræðimenntaða starfsmenn.
- Einfaldara skipulag og skýrari boðleiðir í skólaþjónustu í sameinuðu sveitarfélagi en í núverandi skipulagi.
- Möguleiki á frjálsu skólavali óháð búsetu.
- Byggja framhaldsskóla í sveitarfélaginu.
- Hægt að hafa fræðslustjóra yfir öllum skólum en skólastjóri á öllum stöðum, væri líka hægt að hafa einn skólastjóra yfir öllum skólum.
- Tækifæri í aukinni þróun í tæknimálum.
- Með hagræðingu væri hægt að bæta sérfræðistörf.
- Hægt að hafa mannauðsstjóra fyrir alla þessa skóla þar sem stjórnendur skóla hafa ekki endilega unnið mikið í mannauðsmálum.
- Tækifæri í nýtingu fjarþjónustu til að nýta betur þekkingu starfsmanna, tíma og fjármuni.
- Skoða þarf samræmingu þjónustu í skólaakstri að teknu tilliti frístundastarfs.
- Væri hægt að hafa 1-2 samræmda starfsdaga til námsскеiðs þar sem allir kennarar kæmu saman.

Umræðuhópur: Atvinnu og byggðamál

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Mikilvægt að passa að falla ekki í sömu gryfjur og í fyrri sameiningu (Særindi í Djúpárhreppi).
- Varast að lofa ekki upp í ermína á sér segja að allt verði óbreytt því það verður það ekki.
- Mikilvægt að geta svarað hvort að skólar verði eins og nú eða væri farið í sameina skóla.
- Það þarf að hugsa um jaðrana, þarf að gera ráð fyrir að þjónustan verði eins jöfn og mögulegt er.
- Ákveðinn valkostur að hafa mismunandi þjónustu á hverjum stað, aðalatriðið að allir hafi aðgang að þjónustunni.
- Samfélögin eru misjöfn og þurfa mögulega á mismunandi þjónustu að halda.

Hvað viljum við varðveita?

- Verðum sterkari saman að þrýsta á HSU, það eru heilsugæslur í öllum þéttbýliskjörnum og þannig viljum við hafa það áfram.
- Við megum ekki missa yfirráð okkar á hálendinu – þar liggja mikil verðmæti sem eru best komin í höndum heimamanna.
- Ekki spara í grunnþjónustu.
- Höfuðstöðvar Landgræðslunar, Gunnarsholt er stærsti einstaki staðurinn fyrir háskólamenntað fólk og afar verðmætur sem slíkur. Við þurfum fleiri svona punkta innan svæðisins.
- Sameina sveitarfélög en ekki samfélög.
- Skilgreina þarf ákveðna lágmarksþjónustu á hverjum stað – meginatriðið að hafa aðgang að þjónustunni.

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Þurfum á fjölbreyttara atvinnulífi að halda. Það er hættulegt að vera með öll egginn í sömu körfunni.

- Til að móta heildstæða atvinnustefnu þá erum við sterkari saman.
-
- Auðveldara að fá fjármuni í vegagerð í stærra sveitarfélagi og meiri þrýstingur.
- Styrkur að við erum að ljúka ljósleiðaravæðingu á svæðinu en eigum eftir að nýta okkur það.
- Nýta orkuna sem framleidd er á Þjórsár-Tungnársvæðinu til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.
- Verðum að fá betur launuð störf og auka fjölbreytni í starfsumhverfi.
- Við þurfum að geta boðið börnum okkar upp á vel launuð og áhugaverð störf þannig að þau komi til baka til að efla samfélagið.
- Fá „Nýsköpunarsetrið“ hingað – sem á að leggja niður annarsstaðar – NýSu Nýsköpunarmiðstöð Suðurlands verði hjá Sveitarfélaginu Suðurland. Landsvirkjun á að koma sterklega að því máli.
- Sveitarfélög sem hafa sameinast upp á síðkastið búa m.a. yfir framhalds- og háskólum. Þarna eigum við tækifæri.
- Sóknarfæri í störfum án staðsetningar og fjarvinnu.
- Erum eitt atvinnusvæði í sjálfu sér sbr. Gunnarsholt.
-
- Ekki þörf á að keppa innbyrðis um störf

Umræðuhópur: Stjórnsýsla og fjármál

Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Þau sveitarfélög sem eru lengst í burtu verði ekki útundan og eins dreifbýlið
- Passa að hafa góðar og upplýsingar á öllum stigum svo allir geti kynnt sér málin vel.
- Samræma þarf gögn og upplýsingar til að tryggja samanburðarhæfi
- Læra af fyrri sameiningum hvað hefur verið að gerast líkt og virðist vera að gerast t.d. með heimastjórnnum
- Varast að fara í eiginhagsmunastefnu.
-
- Varast að gefa sér hlutina fyrirfram
- Ekki halda að þetta verði hagræðing heldur styrkleiki fyrir stjórnsýsluna
- Ákveðin hætta að gjaldskrár hækki
- Ekki eyða öllum peningunum á bókinni eða skuldsetja sig fram úr hófi
- Hugsa hlutina til lengri tíma
- Þurfa að vera skýr markmið með fjármálunum og hvað við getum fjárfest á næstu árum
- Stjórnsýslan þarf að vera með hverfaráðum vegna stærðar sveitarfélagsins og passa uppá vægi hvers og eins

Hvað viljum við varðveita?

- Í dag er stutt í kjörna fulltrúa það þarf að halda í það.
- Varðveita sérkenni svæðanna undir einum stórum hatti
-
- Ekki hugsað til að spara heldur nýta fjármuni betur og bæta eitthvað sem fyrir er
-
- Sameining snýst um stjórnsýsluna fyrst og fremst og þar með ættu heimastjórnir bara að vera til mjög skamms tíma þ.e. í aðlöguninni. Með tímanum munum við ekki þurfa á því að halda
- Flest hlutverk sveitarfélaganna lögbundin og því ekki mikil þörf á að varðveita margt
- Frumkvæðið þarf að koma úr nærumhverfinu en ekki úr miðlægri stjórnsýslu
- Hverfisráð þyrfti að hafa úr einhverjum fjármunum að spila því oft hefur nærumhverfið betri hugmynd um hvað þarf
- Nýta þær byggingar sem eru til staðar á hverju svæði svo þau standi ekki bara ónotuð ef til sameiningar kemur

Hvaða tækifæri liggja sameiningu sveitarfélaganna?

- Tækifæri í hagræðingu í stjórnsýslunni og meiri sérhæfingu.
- Svigrúm til að vera með sérfræðinga í störfum og spara í aðkeyptri þjónustu
- Meiri slagkraftur ef við erum öll saman heldur en við erum hvert og eitt.
- Nýta athyglina sem sameiningin gæti fengið hjá ríkinu og slagkraftinn í sveitarfélaginu
- Tækifæri í auknu íbúalýðræði með samráði við ýmsar ákvarðanatökur
- Tækifæri til að skapa fullt starf fyrir sveitarstjórnarfulltrúa en ekki að það sé sjálfboðaliðastarf eins og það er í dag
- Fjöldinn setur meiri pressu á þingið og því auðsóttara að ná í peninga frá ríki til stærri sveitarfélaga
- Ekki tilfinning að það verði einn byggðakjarni verði ráðandi í sameinuðu sveitarfélagi þar sem við erum svo dreifð
- Værum mögulega sterkari til að takast á við áföll og/eða sveiflur
- Skilvirkni, opin stjórnsýsla og hagkvæmni

Samgöngu- umhverfis- og skipulagsmál.

-Hvað ber að varast í sameiningarferlinu?

- Möguleiki á að boðleiðir gætu orðið lengri.
- Áskoranir í sorpmálum, tæmingu rotþróa þá sérstaklega í Mýrdals- og Skaftárhreppi.
- Þjónusta vega, á að vera sama þjónustustig í öllu sveitarfélaginu? Miklar vegalengdir, huga að vegaöryggi.
- Mesta áskorunin að jafna þjónustuna, reyna að hafa hana eins góða og hægt er.

-Hvað viljum við varðveita?

- Skipulags- og byggingarfulltrúi þarf líklega að hafa starfsstöð víða í sveitarfélaginu.
- Stærri eining, möguleiki á meiri sérhæfingu, vandaðri og betri vinnubrögð.
- Virkjanamál, er t.d. samstaða um virkjanir?
- Ákvarðanir verða að vera að hluta tekna "heima" fyrir, hugmynd um einhverskonar hverfaráð.
- Getum öll verið sammála um að við viljum vernda hálendið okkar.
- Við viljum halda skipulagsvaldinu á hálendinu og stjórn á afréttum.

Hvaða tækifæri liggja í sameiningu sveitarfélaganna?

- Aukinn slagkraftur, t.d. í samgöngu- og vegamálum.
- Sérhæfing í skipulags- og byggingarmálum, störf án staðsetningar.
- Styrkur að geta horft á hálendið sem eina heild í skipulagsmálum.
- Tækifæri í sorpmálum. Betra skipulag, betri þjónusta.
- Styrkur að það er ekki aðeins einn stór þéttbýliskjarni sem sagnar allt til sín.
- Margar náttúruperlur, skipuleggja með verndargildi í huga.
- Almenningsamgöngur mjög mikilvægar! Hægt að efla almenningsamgöngur?
- Tækifæri með aukinni tækni, auðvelt að funda, vegalengdir skipta minna máli.
- Tækifæri í að byggja upp sögulega staði.
- Endalaust verið að bæta við kröfum frá hinu opinbera.